Vestfjarðastofa

Ágúst 2026

# Kortlagning á stöðu innleiðingar farsældarlaga meðal sveitarfélaga og stofnana á Vestfjörðum

**Erna Lea Bergsteinsdóttir**
**Verkefnastjóri farsældarráðs Vestfjarða**



## Útdráttur

Bakgrunnur: Árið 2022 tóku í gildi lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í upphafi var fjallað um þriggja til fimm ára innleiðingartímabil laganna. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur frá gildistöku úthlutað framlögum til sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Stjórn farsældarráðs ákvað á fundi sínum þann 24. mars 2026 að þörf væri á að kortleggja stöðu innleiðingar farsældarlaganna meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum. Stjórnin fól verkefnastjóra farsældarráðs á Vestfjarðastofu að sjá um framkvæmd kortlagningarinnar.

Aðferð: Könnun var send í gegnum tölvupóst á alla sveitar- og bæjarstjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Auk sveitarfélaganna ákvað verkefnastjóri að senda könnunina á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þar sem sú stofnun sinnir tengiliðahlutverki 1. stigs þjónustu farsældar frá fæðingu að leikskólavist barna. Þetta átti einnig við um Menntaskólann á Ísafirði því sú stofnun sinnir tengiliðahlutverki 1. stigs þjónustu farsældar meðal menntaskólanema. Könnunin var unnin út frá handbók farsældar frá Barna- og fjölskyldustofu og byggði á sjálfsmati sveitarfélaga og stofnana.

Niðurstöður: Alls bárust svör frá fimm sveitarfélögum af átta auk tveggja áðurnefndra ríkisstofnana. Frá Strandabyggð bárust svör frá félagsþjónustu Stranda og Reykhóla annars vegar og hins vegar frá Grunnskólanum á Hólmavík/leikskólanum Lækjarbrekku og því voru tvö svör frá því sveitarfélagi og ekki alltaf samræmi á milli svara. Því voru alls átta svörunareiningar sem stöðu sína gagnvart 29 atriðum. Af 232 skráningum voru 97 atriði (41,8%) metin lokið, 96 (41,4%) í vinnslu, tvö (0,9%) í bið, 28 (12,1%) ekki hafin og níu (3,9%) áttu ekki við. Upphaf og undirbúningur ásamt fræðslu voru lengst komin. Mestur munur kom fram í stigskiptingu þjónustu og gerð úrræðalista. Formlegar aðgerðaáætlanir, reglulegt framvindumat, lokamat og verklagsreglur voru skemmst á veg komin.

Umræður: Niðurstöðurnar sýna að innleiðing farsældarlaganna er mislangt komin á Vestfjörðum. Þótt mikilvægur grunnur hafi verið lagður eru formlegar aðgerðaáætlanir, framkvæmd, lokamat og verklagsreglur víða skammt á veg komin. Í ljósi þess að fimm ára áætluðu innleiðingartímabili lýkur við árslok 2026 og sveitarfélögin hafa fengið sérstök framlög til innleiðingarinnar er þörf á auknu gagnsæi, skýrri ábyrgð og markvissri eftirfylgni. Sameiginlegt svæðisbundið samstarf getur stutt minni sveitarfélög og stuðlað að samræmdri og fullri innleiðingu laganna. Túlka ber niðurstöðurnar með varúð þar sem þær byggja á sjálfsmati og svör bárust ekki frá öllum sveitarfélögum. Niðurstöðurnar eiga ekki að vera túlkaðar sem árangursröðun sveitarfélaga eða stofnana.

## Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tóku gildi árið 2022. Meginmarkmið þeirra er að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, án hindrana. Þjónustuveitendum ber að fylgjast með farsæld barna, bregðast tímanlega við þjónustuþörf og vinna saman svo þjónustan verði samfelld og samhæfð. Lögin fela þannig ekki í sér nýtt, eitt þjónustukerfi eða úrræði sem kemur í stað skóla-, heilbrigðis- eða félagsþjónustu. Þau skapa sameiginlegan ramma utan um samstarf þjónustukerfanna. Í upphafi var fjallað um þriggja til fimm ára innleiðingartímabil laganna (Farsæld barna, e.d.-a).

Markmið laganna er að fjölskyldan þurfi ekki sjálf að bera ábyrgð á samskiptum milli kerfa og að börn falli síður á milli þjónustuaðila. Í lögunum er farsæld barns skilgreind sem þær aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Samkvæmt 9.–12. gr. laganna skiptist farsældarþjónusta í þrjú stig:

- Fyrsta stig: Grunnþjónusta og snemmtækur stuðningur sem er aðgengilegur öllum börnum og foreldrum.
- Annað stig: Markvissari einstaklingsbundinn stuðningur sem byggist á faglegu mati eða frumgreiningu.
- Þriðja stig: Sérhæfðari stuðningur sem byggist á ítarlegu mati eða greiningu.

Í 17.–19. gr. er fjallað um tengilið farsældar. Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið eftir þörfum. Tengiliður veitir upplýsingar, aðstoðar við að tryggja frummat og samhæfir þjónustu á fyrsta stigi. Tengiliður er að jafnaði starfsmaður heilsugæslu áður en barn byrjar í skóla, starfsmaður leik-, grunn- eða framhaldsskóla meðan barn stundar þar nám eða starfsmaður félagsþjónustu þegar það á við.

Ef barn þarf fjölþætta þjónustu á öðru eða þriðja stigi til lengri tíma skal sveitarfélagið tilnefna málstjóra samkvæmt 20.–21. gr. Málstjóri stofnar stuðningsteymi, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og fylgir eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við hana. Samþætting þjónustu byggist að jafnaði á beiðni barns og/eða foreldris. Samkvæmt 23. gr. má aðeins vinna með þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að samþætta þjónustuna. Þagnarskylda þjónustuveitenda gildir áfram.

Í 5. gr. er kveðið á um svæðisbundin farsældarráð. Þau eru samstarfsvettvangur sveitarfélaga og ríkisstofnana og skulu vinna fjögurra ára áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða í þágu farsældar barna. Svæðisbundin farsældarráð bera ekki ábyrgð á vinnslu einstakra mála eða innleiðingu sveitarfélaganna á löggjöfinni. Hlutverk

þeirra er fyrst og fremst stefnumótandi, að greina sameiginlegar áskoranir, efla samstarf þjónustukerfa og stuðla að samræmdum úrbótum á svæðinu.

## Hlutverk Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Í 6. gr. farsældarlaganna er fjallað um hlutverk Barna- og fjölskyldustofu við innleiðingu og framkvæmd laganna. Stofnunin styður þjónustuveitendur við samþættingu þjónustu, meðal annars með útgáfu leiðbeininga, gátlista, staðlaðra eyðublaða og upplýsinga fyrir notendur þjónustunnar. Hún sér jafnframt um reglulega fræðslu og veitir tengiliðum, málstjórum og stuðningsteymum ráðgjöf, þar á meðal við vinnslu einstakra mála. Barna- og fjölskyldustofa gegnir því fyrst og fremst leiðbeinandi og styðjandi hlutverki við innleiðinguna (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

Á vegum Barna- og fjölskyldustofu hefur verið gefin út *Handbók farsældar*, sem er ætluð sveitarfélögum og stofnunum við skipulagningu og framkvæmd innleiðingarinnar. Þar er innleiðingarferlinu skipt í sex skref. Það er upphaf og undirbúning, stigskiptingu farsældarþjónustu, fræðslu, gerð aðgerðaáætlunar, framkvæmd hennar og lokamat ásamt mótun verklagsreglna. Handbókin inniheldur einnig gátlista sem sveitarfélög og stofnanir geta nýtt til að meta stöðu sína (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.).

Barna- og fjölskyldustofa heldur jafnframt úti vefsíðunni *Farsæld barna*. Þar má finna aðgengilegar upplýsingar um farsældarlögin, stigskiptingu þjónustu og hlutverk tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma. Á síðunni er einnig að finna eyðublöð, fræðsluefni og leiðbeiningar fyrir fagfólk, börn og foreldra. Vefsíðunni er ætlað að styðja við samræmda framkvæmd laganna og auðvelda notendum að nálgast upplýsingar um rétt sinn til samþættrar þjónustu (Farsæld barna, e.d.-b).

Samkvæmt 7. gr. laganna hefur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eftirlit með gæðum samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna og fjallar meðal annars um kvartanir notenda. Stofnuninni skulu einnig berast fjögurra ára áætlanir svæðisbundinna farsældarráða og framvinduskýrslur sveitarfélaga. Hlutverk hennar er því einkum að hafa eftirlit með því að samþættingin uppfylli kröfur laganna og að þjónustan sé veitt með fullnægjandi hætti (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr.86/2021).

Saman mynda stofnanirnar stuðnings- og eftirlitsumgjörð um framkvæmd farsældarlaganna. Barna- og fjölskyldustofa veitir leiðbeiningar, fræðslu og faglegan stuðning en Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fylgist með gæðum framkvæmdarinnar og tryggir að notendur geti komið kvörtunum á framfæri (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr.86/2021).

## Framlög til sveitarfélaganna til að mæta kostnaði vegna farsældarlaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthlutar framlögum til sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Þegar farsældarlögin voru samþykkt af Alþingi sumarið 2021 var jafnframt gerð breyting á tekjustofnalögum sem fól í sér að sérstakt framlag frá ríkissjóði bættist við tekjur Jöfnunarsjóðs til að standa straum af framlögum vegna samþættingar. Upphaflega voru framlögin tímabundin en því var breytt árið 2025 í lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna (nr. 56/2025). Samkvæmt 13. gr. í lögunum er fjárhæð framlagsins vegna samþættingar á þjónustu barna ákvörðuð ár hvert í fjárlögum af Alþingi.

Ákveðnar breytur eru lagðar til grundvallar við útreikning á framlögum til einstakra sveitarfélaga og hafa þær allar jafnt vægi, það er fjöldi barna í hverju sveitarfélagi, fjöldi barna með stuðning í skólum, fjöldi barna á lágtekjuheimilum og fjöldi barna af erlendum uppruna í  sveitarfélögunum (Innviðaráðuneytið, 2025).

**Tafla 1. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra vegna laga nr. 86/2021 til sveitarfélaga á Vestfjörðum árið 2026**

| Sveitarfélög | Hlutfall barna af heild | Hlutfall barna af erlendum uppruna af heild | Hlutfall barna af heildarfjölda barna sem búa á heimili. skv. skilgr. um tekjuviðmið | Hlutfall barna með stuðning af heild | Reiknuð hlutdeild sveitarfélags | Kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | 0,252% | 0,474% | 0,182% | 0,354% | 0,315% | 3.293.779 kr. |
| Ísafjarðarbær | 0,969% | 1,169% | 0,971% | 1,517% | 1,157% | 12.077.689 kr. |
| Reykhólahreppur | 0,061% | 0,025% | 0,147% | 0,101% | 0,084% | 873.947 kr. |
| Vesturbyggð | 0,293% | 0,457% | 0,260% | 0,342% | 0,338% | 3.531.004 kr. |
| Súðavíkurhreppur | 0,035% | 0,169% | 0,130% | 0,065% | 0,100% | 1.042.601 kr. |
| Árneshreppur | 0,002% | 0,000% | 0,009% | 0,000% | 0,003% | 28.780 kr. |
| Kaldrananeshreppur | 0,016% | 0,034% | 0,061% | 0,013% | 0,031% | 324.634 kr. |
| Strandabyggð | 0,080% | 0,017% | 0,095% | 0,103% | 0,074% | 770.101 kr. |

Innviðaráðuneytið (2025-b).

Tafla eitt sýnir hvernig framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna farsældarlaganna skiptast milli sveitarfélaga á Vestfjörðum árið 2026. Sveitarfélög á Vestfjörðum fá samtals tæplega 21,9 milljónir króna árið 2026. Ísafjarðarbær fær hæsta framlagið, rúmar 12 milljónir króna, enda er sveitarfélagið með hæsta hlutfallið í öllum fjórum viðmiðunum. Vesturbyggð fær um 3,5 milljónir króna og Bolungarvíkurkaupstaður um 3,3 milljónir. Önnur sveitarfélög fá lægri fjárhæðir, allt frá tæplega 29 þúsund krónum til rúmlega einnar milljónar króna. Taflan sýnir jafnframt að úthlutunin ræðst ekki eingöngu af fjölda barna. Félagslegar aðstæður og þjónustuþörf hafa einnig áhrif. Súðavíkurhreppur er til dæmis með tiltölulega hátt hlutfall

barna af erlendum uppruna og Reykhólahreppur með hátt hlutfall barna á heimilum undir tekjuviðmiði miðað við hlutfall barna af heild. Þessar breytur hækka hlutdeild sveitarfélaganna í framlaginu.

**Tafla 2. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá gildistöku laga nr. 86/2021 til sveitarfélaga á Vestfjörðum**

| | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag | kr. | kr. | kr. | kr. | kr. | kr. |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 3.371.198 | 3.361.337 | 3.249.097 | 3.320.520 | 3.293.779 | 16.595.931 |
| Ísafjarðarbær | 12.865.711 | 12.551.282 | 11.123.688 | 12.100.204 | 12.077.689 | 60.718.574 |
| Reykhólahreppur | 812.691 | 757.896 | 847.409 | 751.905 | 873.947 | 4.043.848 |
| Tálknafjarðarhreppur* | 826.282 | 732.525 | 806.227 | 620.356 | | 2.985.390 |
| Vesturbyggð | 3.640.011 | 3.694.524 | 3.314.780 | 3.068.819 | 3.531.004 | 17.249.138 |
| Súðavíkurhreppur | 1.133.214 | 1.101.817 | 867.852 | 886.846 | 1.042.601 | 5.032.330 |
| Árneshreppur | 36.141 | 36.141 | 6.362 | 9.439 | 28.780 | 116.863 |
| Kaldrananeshreppur | 233.172 | 229.194 | 161.186 | 281.361 | 324.634 | 1.229.547 |
| Strandabyggð | 917.182 | 871.820 | 1.041.725 | 781.188 | 770.101 | 4.382.016 |

Byggt á áætlunum Innviðaráðuneytisins um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árin 2022–2026. Samtölur eru reiknaðar af höfundi.

*Tálknafjarðarhreppur sameinaðist Vesturbyggð árið 2024

Tafla tvö sýnir að sveitarfélög á Vestfjörðum fengu samtals um 112,4 milljónir króna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna innleiðingar farsældarlaganna á árunum 2022–2026. Árleg heildarframlög til svæðisins voru tiltölulega stöðug, eða á bilinu 21,4–23,8 milljónir króna. Ísafjarðarbær fékk hæsta framlagið, samtals um 60,7 milljónir króna, sem samsvarar rúmlega helmingi heildarframlaga til Vestfjarða. Bolungarvíkurkaupstaður fékk um 16,6 milljónir króna. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur fengu samanlagt um 20,2 milljónir króna á tímabilinu, en sveitarfélögin sameinuðust árið 2024. Framlög til annarra sveitarfélaga voru töluvert lægri og endurspeglar skiptingin meðal annars mismunandi fjölda barna og félagslegar aðstæður í sveitarfélögunum.

## Aðferð kortlagningar

Stjórn farsældarráðs ákvað á fundi sínum þann 24. mars 2026 að þörf væri á að kortleggja stöðu innleiðingar farsældarlaganna hjá sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Stjórnin fól verkefnastjóra farsældarráðs á Vestfjarðastofu að útbúa könnun og senda á öll sveitarfélög á Vestfjörðum. Könnunin var send út samdægurs á alla sveitar- og bæjarstjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum sem eru átta talsins. Upphaflega átti könnunin að vera opin til 3. apríl en var fresturinn framlengdur til 9. apríl að ósk sveitarstjóra.

Óskað var eftir svörum frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum, þrátt fyrir samstarf sumra sveitarfélaga við innleiðingu farsældarlaganna. Þetta var gert þar sem flest sveitarfélög eru með eigin skólaþjónustu sem tilheyrir 1. stigi farsældarlaganna og eru því öll sveitarfélög í innleiðingarferli.

Auk sveitarfélaganna ákvað verkefnastjóri að senda könnunina á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þar sem sú stofnun sinnir tengiliðahlutverki 1. stigs þjónustu farsældar frá fæðingu að leikskólavist barna. Þetta átti einnig við um Menntaskólann á Ísafirði því sú stofnun sinnir tengiliðahlutverki 1. stigs þjónustu farsældar meðal menntaskólanema.

Könnunin var unnin út frá handbók farsældar frá Barna- og fjölskyldustofu (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.). Könnunin byggir á sjálfsmati og svaraði starfsfólk viðkomandi sveitarfélags eða stofnunar könnuninni. Frá Strandabyggð bárust svör frá félagsþjónustu Stranda og Reykhóla annars vegar og hins vegar frá Grunnskólanum á Hólmavík/leikskólanum Lækjarbrekku og því voru tvö svör frá því sveitarfélagi og ekki alltaf samræmi á milli svara. Þá eru svörunareiningarnar ólíkar að stærð, hlutverki og umfangi þjónustu. Niðurstöðurnar ber að túlka með fyirvara en þær gefa fyrst og fremst stöðumynd af innleiðingarvinnunni og nýtast til að greina sameiginlegar áherslur og stuðningsþarfir. Þær eiga ekki að vera túlkaðar sem árangursröðun sveitarfélaga eða stofnana.

Svör bárust frá eftirfarandi sveitarfélögum/stofnunum:

- Bolungarvíkurkaupstað
- Ísafjarðarbæ
- Kaldrananeshrepp
- Vesturbyggð
- Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla
- Grunnskólanum á Hólmavík/leikskólanum Lækjarbrekku
- Menntaskólanum á Ísafirði
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Óskað var eftir svörum frá eftirfarandi sveitarfélögum en ekki bárust svör:

- Árneshreppur
- Reykhólahreppur
- Súðavíkurhreppur

## Niðurstöður

Niðurstöður skiptast í sex kafla út frá skrefum í handbók farsældar en lokakaflinn fjallar um heildarstöðu innleiðingar laganna meðal sveitarfélaga eða stofnana á Vestfjörðum. Í viðauka I má finna ítarleg svör hvers sveitarfélags eða stofnunar við spurningunum.

## Fyrsta skref

Spurt var um fyrsta skref í handbók farsældar um upphaf og undirbúning við innleiðingu. Samkvæmt handbókinni er mikilvægt að kortleggja hvernig þörfum barna og foreldra barna er mætt í núverandi skipulagi sveitarfélags eða stofnunar. Mikilvægt er að leggja mat á hindranir í stjórnsýslu sem geta flækt samvinnu á milli deilda/sviða þegar kemur að þjónustu við börn og foreldra. Þá þarf að skoða boðleiðir, núverandi verklag, hlutverk, ábyrgð og skilgreina samstarf á milli sviða/deilda (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.). Spurt var hvort sveitarfélagið eða stofnunin hafi tilnefnt ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar og hvort sveitarfélagið eða stofnunin hafi stofnað stýrihóp farsældar.

**Tafla 3. Yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaga/stofnana á fyrsta skrefi í handbók farsældar**

| | Lokið | Í vinnslu | Í bið | Ekki hafið | Hætt við | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | 2 | | | | | |
| Ísafjarðarbær | 2 | | | | | |
| Vesturbyggð | 2 | | | | | |
| Kaldrananeshreppur | | 1 | | 1 | | |
| Gr. og lsk. á Hólmavík | 2 | | | | | |
| Fþj. Stranda og Reykhóla | | 2 | | | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 2 | | | | | |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | 1 | | 1 | | | |
| Árneshreppur | | | | | | |
| Reykhólahreppur | | | | | | |
| Súðavíkurhreppur | | | | | | |

Alls spurningar: 2

Í töflu þrjú má sjá stöðumat sveitarfélaga eða stofnana á fyrsta skrefi innleiðingar farsældarlaganna í handbókinni. Flest sveitarfélög sögðust hafa lokið þeim tveimur verkefnum sem spurt var um, það er að tilnefna ábyrgðaraðila og stofna stýrihóp farsældar innan sveitarfélagsins eða stofnunarinnar.

## Annað skref

Spurt var um annað skref í handbók farsældar um stigskiptingu og stöðumat farsældarþjónustu. Í handbók farsældar er fjallað um mikilvægi þess að meta núverandi stöðu sveitarfélagsins eða stofnunarinnar er hvað varðar innleiðingu á farsældarlögunum áður en ráðist er í breytingar (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.). Spurt var hvort ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna hefði kynnt sér vel hvað felst í skiptingu farsældarþjónustu, hvort farsældarþjónusta í nærumhverfi barna innan og utan sveitarfélagsins eða stofnunnar hafi verið listuð upp og stigskipt, hvort úrræðalisti væri tilbúinn og hvort fagfólk, stefnumótunaraðilar, börn og foreldrar hefðu aðgang að honum.

**Tafla 4. Yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaga/stofnana á öðru skrefi í handbók farsældar**

| | Lokið | Í vinnslu | Í bið | Ekki hafið | Hætt við | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | 3 | 3 | | 3 | | |
| Ísafjarðarbær | 7 | 1 | | | | 1 |
| Vesturbyggð | 3 | 6 | | | | |
| Kaldrananeshreppur | | 4 | | 5 | | |
| Gr. og lsk. á Hólmavík | 1 | 6 | | | | 2 |
| Fþj. Stranda og Reykhóla | | 9 | | | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 9 | | | | | |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | 3 | 6 | | | | |
| Árneshreppur | | | | | | |
| Reykhólahreppur | | | | | | |
| Súðavíkurhreppur | | | | | | |

Alls spurningar: 9

Í töflu fjögur má sjá að vinna við annað skref handbókar farsældar, sem snýr að stigskiptingu þjónustu og gerð úrræðalista, er mislangt komin. Menntaskólinn á Ísafirði var lengst kominn og hafði lokið öllum níu atriðunum. Ísafjarðarbær hafði lokið sjö atriðum og var með eitt í vinnslu. Hjá Vesturbyggð, Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var meirihluti atriða enn í vinnslu. Skemmst var vinnan komin hjá Kaldrananeshreppi, þar sem fjögur atriði voru í vinnslu og fimm ekki hafin.

## Þriðja skref

Spurt var um þriðja skref í handbók farsældar um fræðslu. Í handbókinni er fjallað um mikilvægi þess að fræðsla um farsældarlögin sé alltumlykjandi í innleiðingu farsældarlaganna hjá sveitarfélagi eða stofnun. Þá er fræðsla grunnurinn að farsælli innleiðingu en það er mikilvægt að hún sé markviss og regluleg Barna- og fjölskyldustofa,

e.d.). Spurt var hvort stjórnendur, kjörnir fulltrúar og þjónustuveitendur hefðu fengið fræðslu um farsældarlögin, þ.e. fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda. Einnig var spurt hvort tengiliðar og málstjórar farsældar hefðu sótt fræðslu frá Barna- og fjölskyldustofu. Þá var spurt hvort börn og foreldrar hefðu fengið fræðslu um farsældarlögin og hvort þau hafa fengið upplýsingar um hvernig megi nálgast tengilið farsældar. Ásamt því var spurt um þekkingu og ráðstafanir sveitarfélagsins eða stofnunarinnar vegna vinnslu persónuupplýsinga.

**Tafla 5. Yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaga/stofnana á þriðja skrefi í handbók farsældar**

| | Lokið | Í vinnslu | Í bið | Ekki hafið | Hætt við | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | 6 | 5 | | | | |
| Ísafjarðarbær | 9 | 2 | | | | |
| Vesturbyggð | 7 | 4 | | | | |
| Kaldrananeshreppur | 3 | 8 | | | | |
| Gr. og lsk. á Hólmavík | 9 | 1 | | | | 1 |
| Fþj. Stranda og Reykhóla | 8 | 3 | | | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 10 | | | | | 1 |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | 4 | 2 | 1 | | | 4 |
| Árneshreppur | | | | | | |
| Reykhólahreppur | | | | | | |
| Súðavíkurhreppur | | | | | | |

Alls spurningar: 11

Í töflu 5 má sjá stöðu þriðja skrefs handbókar farsældar, sem snýr meðal annars að fræðslu um farsældarlögin, upplýsingagjöf til barna og foreldra, persónuvernd og notkun beiðna um miðlun upplýsinga og samþættingu þjónustu. Menntaskólinn á Ísafirði var lengst kominn og hafði lokið tíu af þeim ellefu atriðum sem áttu við. Grunn- og leikskólinn á Hólmavík og Ísafjarðarbær voru einnig langt komin með níu atriði metin lokið. Hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla, Vesturbyggð og Bolungarvíkurkaupstað var meirihluta atriða lokið en önnur enn í vinnslu. Í Kaldrananeshreppi voru þrjú atriði metin lokið og átta í vinnslu.

## Fjórða skref

Spurt var um fjórða skref í handbók farsældar sem fjallar um aðgerðaráætlun sem útlistar með skýrum hætti markmið sveitarfélagsins eða stofnunarinnar vegna innleiðingar farsældar. Í handbókinni er lagt til að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna og stýrihópur hafi umsjón með gerð aðgerðaáætlunar og velja aðgerðirnar út frá niðurstöðum allra þátta stöðumatsins sem fjallað er um í fyrri skrefum handbókarinnar. Aðgerðir í aðgerðaáætlun um innleiðingu farsældarlaganna geta til að mynda tekið til þátta sem snúa

að auknu samstarfi ólíkra þjónustueininga sem koma að þjónustu við börn, stigskiptingu farsældarþjónustu og gerð úrræðalista sveitarfélags eða stofnunar, tilnefningu tengiliða og málstjóra farsældar og verklagi sem snýr að hlutverkum og verkefnum þeirra. Fjallað er um að aðgerðaráætlunin ætti einnig að innihalda fræðsluáætlun sem snýr að fræðslu fyrir þjónustuveitendur og fræðslu til barna og foreldra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.). Spurt var hvort sveitarfélagið eða stofnunin hefði útbúið slíka aðgerðaráætlun og hvort hún hefði verið lögð fyrir sveitarstjórn, fastanefndir eða yfirstjórn sveitarfélagsins eða stofnunarinnar og hún samþykkt formlega.

**Tafla 6. Yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaga/stofnana á fjórða skrefi í handbók farsældar**

| | Lokið | Í vinnslu | Í bið | Ekki hafið | Hætt við | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | | 1 | | 1 | | |
| Ísafjarðarbær | 1 | 1 | | | | |
| Vesturbyggð | | 1 | | 1 | | |
| Kaldrananeshreppur | | | | 2 | | |
| Gr. og lsk. á Hólmavík | | 2 | | | | |
| Fþj. Stranda og Reykhóla | | 2 | | | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | | 2 | | | | |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | | 2 | | | | |
| Árneshreppur | | | | | | |
| Reykhólahreppur | | | | | | |
| Súðavíkurhreppur | | | | | | |

Alls spurningar: 2

Í töflu 6 er staða fjórða skrefs handbókar farsældar, sem snýr að gerð aðgerðaáætlunar um innleiðingu farsældarlaganna og formlegri samþykkt hennar.  Ísafjarðarbær var lengst kominn en þar var öðru atriðinu lokið og hitt í vinnslu. Grunn- og leikskólinn á Hólmavík, Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla, Menntaskólinn á Ísafirði og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða voru með bæði atriðin í vinnslu. Hjá Bolungarvíkurkaupstað og Vesturbyggð var annað atriðið í vinnslu en hitt ekki hafið. Kaldrananeshreppur hafði ekki hafið vinnu við hvorugt atriðið.

## Fimmta og sjötta skref

Spurt var um fimmta og sjötta skref í handbók farsældar um framkvæmd, lokamat og verklagsreglur. Í fimmta skrefi í handbókinni er fjallað um að umsjónarmaður aðgerða og verkefnahópar, í samvinnu við stýrihóp, haldi utan um framkvæmd einstakra aðgerða og tryggja þeim framgöngu í takt við það sem útlistað er í aðgerðaáætlun. Í sjötta skrefi kemur fram að þegar ábyrgðarmaður innleiðingar farsældarlaganna og stýrihópur sveitarfélagsins

eða stofnunarinnar telur sig hafa uppfyllt allar aðgerðir aðgerðaáætlunar þá eru niðurstöður teknar saman í lokamat. Eftir lokamat og endurgjöf frá BOFS er mælt með því að sveitarfélag eða stofnun setji sér verklagsreglur um vinnslu mála samkvæmt farsældarlögunum. Þá er mælt með að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna, í samráði við stýrihópinn, kynni verklagsreglur sveitarfélagsins eða stofnunarinnar fyrir öllum sem stýra og sinna þjónustu við börn. Einnig er mælt með að niðurstöðunum sé gert hátt undir höfði og þær kynntar út á við til samfélagsins, til dæmis á vefsíðu og/eða samfélagsmiðlum sveitarfélags eða stofnunar, með kynningum eða í fréttatilkynningu (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.). Spurt var hvort sveitarfélagið eða stofnunin heldur utan um framkvæmd aðgerða í aðgerðaráætlun þar sem framvinda er reglulega metin og frávik eru greind. Þá var einnig spurt um framkvæmd lokamats og hvort settar hafi verið verklagsreglur sem byggja á lokamatinu. Að lokum var spurt hvort niðurstöður og lokamat hefði verið kynnt innan sveitarfélagsins eða stofnunarinnar og út á við til samfélagsins.

**Tafla 7. Yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaga/stofnana á fimmta og sjötta skrefi í handbók farsældar**

| | Lokið | Í vinnslu | Í bið | Ekki hafið | Hætt við | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | | 3 | | 2 | | |
| Ísafjarðarbær | 3 | 2 | | | | |
| Vesturbyggð | | 2 | | 3 | | |
| Kaldrananeshreppur | | | | 5 | | |
| Gr. og lsk. á Hólmavík | | 5 | | | | |
| Fþj. Stranda og Reykhóla | | 5 | | | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | | | | 5 | | |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | | 5 | | | | |
| Árneshreppur | | | | | | |
| Reykhólahreppur | | | | | | |
| Súðavíkurhreppur | | | | | | |

Alls spurningar: 5

Í töflu 7 má sjá stöðu fimmta og sjötta skrefs handbókar farsældar, sem snúa að framkvæmd aðgerðaáætlunar, framvindumati, lokamati, gerð verklagsreglna og kynningu niðurstaðna. Ísafjarðarbær var eini svarandinn sem sagðist hafa lokið einhverjum atriðum, alls þremur, en tvö voru enn í vinnslu. Hjá grunn- og leikskólanum á Hólmavík, Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða voru öll fimm atriðin í vinnslu. Hjá Bolungarvíkurkaupstað og Vesturbyggð var vinna hafin við hluta atriðanna en önnur ekki hafin. Kaldrananeshreppur og Menntaskólinn á Ísafirði höfðu ekki hafið vinnu við atriðin fimm.

## Heildarstaða innleiðingar farsældarlaga á Vestfjörðum

### Mynd 1. Staða innleiðingar farsældarlaga á Vestfjörðum í apríl 2026




Mynd 1 sýnir að innleiðing farsældarlaganna er mislangt komin hjá sveitarfélögum og stofnunum á Vestfjörðum. Alls voru 97 atriði, eða 41,8%, metin lokið og 96 atriði, eða 41,4%, í vinnslu. Þá voru 28 atriði ekki hafin, tvö í bið og níu áttu ekki við. Ekkert atriði hafði verið metið hætt við. Ísafjarðarbær og Menntaskólinn á Ísafirði höfðu lokið flestum atriðum. Hjá öðrum svarendum var stærri hluti þeirra enn í vinnslu eða ekki hafinn.

## Umræður og ályktanir

Niðurstöður kortlagningarinnar sýna að innleiðing farsældarlaganna er mislangt komin hjá sveitarfélögum og stofnunum á Vestfjörðum. Sumir svarendur hafa lokið stórum hluta þeirra verkefna sem lögin og handbók farsældar gera ráð fyrir, en hjá öðrum eru mörg atriði enn í vinnslu eða ekki hafin. Fyrstu skref innleiðingarinnar, svo sem tilnefning ábyrgðaraðila, stofnun stýrihópa og fræðsla, eru almennt lengra komin en gerð aðgerðaáætlana, framkvæmd þeirra, lokamat og mótun verklagsreglna. Þetta bendir til þess að víða hafi verið lagður ákveðinn grunnur að innleiðingunni án þess að hún hafi að fullu fest sig í sessi sem formlegt og viðvarandi verklag.

Frá gildistöku laganna hafa sveitarfélög á Vestfjörðum fengið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Samkvæmt samantektinni nema framlögin samtals rúmlega 112 milljónum króna á árunum 2022–2026. Þegar farsældarlögin tóku gildi 1. janúar 2022 var áætlað að innleiðing þeirra tæki þrjú til fimm ár. Við árslok 2026 verða liðin fimm ár frá gildistöku laganna og þar með verður lengsta áætlaða innleiðingartímabilinu lokið. Þrátt fyrir það sýna niðurstöðurnar að flest sveitarfélög á Vestfjörðum geta enn ekki sýnt fram á að öllum meginþáttum innleiðingarinnar hafi verið lokið. Sérstaklega vekur athygli hversu skammt formlegar aðgerðaáætlanir, framvindumat, lokamat og verklagsreglur eru komin. Án þessara þátta er erfitt að tryggja að samþætting þjónustu sé markviss, mælanleg og óháð einstökum starfsmönnum.

Það vekur jafnframt athygli að svör bárust ekki frá þremur sveitarfélögum. Ekki er hægt að álykta af vansvörun einni og sér að innleiðing hafi ekki farið fram, en hún kemur í veg fyrir heildstætt mat á stöðunni á Vestfjörðum. Þar sem sveitarfélögin hafa fengið opinber framlög vegna innleiðingarinnar er eðlilegt að þau geti gert grein fyrir stöðu hennar og tekið þátt í sameiginlegri kortlagningu.

Ýmsar skýringar geta verið á mismunandi stöðu sveitarfélaga og stofnana, svo sem ólíkur mannauður og stjórnsýslugeta, starfsmannavelta, skortur á sérhæfðu starfsfólki og óljós ábyrgð á innleiðingunni. Smæð sveitarfélaga, dreifð byggð og þjónusta sem nær yfir stór landsvæði geta einnig gert innleiðinguna flóknari á Vestfjörðum. Þessar aðstæður undirstrika þörfina fyrir sameiginlegar svæðisbundnar lausnir, til dæmis samræmd verklög, sameiginlega fræðslu og svæðisbundið yfirlit yfir úrræði.

Sveitarfélögin þurfa þó ekki að vinna að innleiðingunni án utanaðkomandi stuðnings. Barna- og fjölskyldustofa getur aðstoðað með leiðbeiningum, gátlistum, fræðslu og ráðgjöf til tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur eftirlit með gæðum samþættingar þjónustu og tekur við áætlunum og framvinduskýrslum

svæðisbundinna farsældarráða. Markvissara samstarf við þessar stofnanir gæti stutt sveitarfélög sem eru skammt komin, skýrt þær kröfur sem gerðar eru og styrkt eftirfylgni með innleiðingunni.

Kortlagningin byggir á sjálfsmati og svarendur eru ólíkir að stærð, hlutverki og umfangi þjónustu. Því ber að varast að líta á niðurstöðurnar sem beina árangursröðun. Þær gefa engu að síður skýra vísbendingu um að innleiðingunni sé ekki lokið og að nú þurfi að færa áhersluna frá undirbúningi yfir í framkvæmd, eftirfylgni og mat á árangri.

## Heimildir


Barna- og fjölskyldustofa (e.d.) Handbók farsældar: innleiðing farsældarlaganna á landsvísu. https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/68xVW0iLmVTsmyZb8FQKxG/f7487e496be4969b7d3bc10b13c7f54c/Handbo_k_fars_ldar_-_PDF_u_tga_fa.pdf

Farsæld barna (e.d.-a). *Aðdragandi farsældarlaganna*. https://www.farsaeldbarna.is/is/addragandi-farsaeldarlaganna

Farsæld barna (e.d.-b). *Þjónusta í þágu farsældar barna*. https://www.farsaeldbarna.is/

Innviðaráðuneytið. (2022). *Áætluð framlög sveitarfélaga til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Framl%c3%b6g%20vegna%20sam%c3%be%c3%a6ttingar%20%c3%bej%c3%b3nustu%20%c3%ad%20%c3%be%c3%a1gu%20fars%c3%a6lda%20barna.pdf

Innviðaráðuneytið. (2023). *Áætluð framlög til sveitarfélaga til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2023*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Framl%c3%b6g%20vegna%20sam%c3%be%c3%a6ttingar%20%c3%bej%c3%b3nustu%20%c3%ad%20%c3%be%c3%a1gu%20fars%c3%a6ldar%20barna%202023.pdf

Innviðaráðuneytið. (2024). *Framlög Jöfnunarsjóðs 2024 vegna samþættingar á þjónustu í þágu farsældar barna*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Fars%c3%a6ld_2024.pdf

Innviðaráðuneytið. (2025-a). *Áætluð framlög til einstakra sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna árið 2025*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/%c3%81%c3%a6tlun%201.pdf

Innviðaráðuneytið. (2025, október-b). *Framlög til einstakra sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra vegna laga nr. 86 frá 2021*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/%c3%81%c3%a6tlun%201%202026.pdf

Lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

## Viðauki I

Í viðauka I má sjá spurningarnar sem lagðar voru fyrir í könnuninni ásamt svörum sveitarfélaga og stofnana.

1. Sveitarfélagið/stofnunin hefur tilnefnt ábyrgðaraðila innleiðingar farsældarlaganna.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

2. Sveitarfélagið/stofnunin hefur stofnað stýrihóp farsældar.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í bið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Á ekki við |

3a. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaga hefur kynnt sér vel hvað felst í stigskiptingu farsældarþjónustu – frá almennri til sérhæfðari þjónustu *1

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

3b. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaga hefur kynnt sér vel hvað felst í stigskiptingu farsældarþjónustu – Stigskipting *2

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Á ekki við |

3c. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaga hefur kynnt sér vel hvað felst í stigskiptingu farsældarþjónustu – Sýnishorn yfir stigskipta farsældarþjónustu *3

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Á ekki við |

4. Farsældarþjónusta í nærumhverfi barna innan sem utan sveitarfélags/stofnunar hefur verið listuð upp. Búið er að stigskipta allri farsældarþjónustu sveitarfélagsins/ stofnunar.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |

5a. Búið er að útbúa úrræðalista sveitarfélagsins/stofnunarinnar sem tekur mið að þeim úrræðum sem í boði eru.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |

| | |
|---|---|
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |

5b. Úrræðalisti er aðgengilegur öllum þeim sem sinna stefnumótun í málaflokknum.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Ekki hafið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |

5c. Úrræðalisti er aðgengilegur öllum þjónustuveitendum.

| | |
|---|---|
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Ekki hafið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |

5d. Úrræðalisti er aðgengilegur börnum og foreldrum.

| | |
|---|---|
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Ekki hafið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Ísafjarðarbær | Á ekki við |

5e. Áhersla lögð á að úrræðalisti sveitafélaga/ stofnunar nái utan um þjónustu sem stendur börnum og foreldrum á viðkomandi svæði til boða en ekki eingöngu þjónusta sem viðkomandi sveitafélag/stofnun .

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |

| | |
|---|---|
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |

6a. Þau sem skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun hafa fengið fræðslu um farsældarlögin, þ.e. fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra: kjörinna fulltrúa hjá sveitarfélagi og stjórnenda stofnana.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

6b. Þau sem skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun hafa fengið fræðslu um farsældarlögin, þ.e. fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra: þeirra sem koma að því að skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

7a. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitanda: til allra starfsmanna sveitarfélags/stofnunar sem veitir börnum og foreldrum þjónustu.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Kaldrananeshreppur | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |

| | |
|---|---|
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í bið |

7b. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitanda: til tengiliða farsældar og tryggja að þeir sæki fræðslu frá BOFS eins og þeim ber skylda til samkvæmt reglugerð.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Kaldrananeshreppur | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |

7c. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitanda: til málstjóra farsældar um hlutverk sitt og tryggja að þeir hafi aðgang að útgefnu stuðningsefni BOFS.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Kaldrananeshreppur | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Á ekki við |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Á ekki við |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Á ekki við |

8a. Börn og foreldrar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin.

| | |
|---|---|
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Ísafjarðarbær | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Á ekki við |

8b. Börn og foreldrar hafa fengið upplýsingar um hvernig á að nálgast tengilið farsældar.

| | |
|---|---|
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Ísafjarðarbær | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Á ekki við |

9. Sveitarfélag/stofnun þekkir reglur um vinnslu persónuupplýsinga í samþættingu þjónustu.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

10. Sveitarfélag/stofnun hefur gert viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir sem taka mið af reglum um vinnslu persónuupplýsinga í samþættingu þjónustu.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

11. Þjónustuveitendur á vegum sveitarfélags/stofnunar hafa fengið ítarlegar útskýringar á ,,Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliða/málstjóra" og hvernig hún er nýtt í vinnslu mála.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |

| | |
|---|---|
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |

12. Þjónustuveitendur á vegum sveitarfélags/stofnunar hafa fengið ítarlegar útskýringar á „Beiðni um samþættingu þjónustu" og hvernig hún er nýtt í vinnslu mála.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Lokið |
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Lokið |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Lokið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Lokið |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Á ekki við |

13. Gerð hefur verið aðgerðaráætlun um innleiðingu farsældar sem útslistar með skýrum hætti markmið sveitarfélagsins/stofnunarinnar.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |

14. Aðgerðaráætlun hefur verið lögð fyrir sveitarstjórn og/eða fastanefndir sveitarfélagsins, eða yfirstjórn stofnunarinnar og hún samþykkt formlega.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | í vinnslu |
| Menntaskólinn á Ísafirði | í vinnslu |
| Vesturbyggð | Ekki hafið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Ekki hafið |

15. Haldið er utan um framkvæmd aðgerða í aðgerðaráætlun, framvinda er reglulega metin og frávik eru greind.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Ekki hafið |

16. Framkvæmt hefur verið lokamat um aðgerðir í áætluninni.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Ekki hafið |
| Vesturbyggð | Ekki hafið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Ekki hafið |

17. Sveitarfélagið/stofnunin hefur sett verklagsreglur um vinnslu mála samkvæmt farsældarlögum sem byggja á lokamati.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Vesturbyggð | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Ekki hafið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Ekki hafið |

18a. Niðurstöður og verklagsreglur hafa verið kynntar: öllum þeim sem stýra og sinna þjónustu við börn hjá sveitarfélaginu/stofnuninni.

| | |
|---|---|
| Ísafjarðarbær | Lokið |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |

| | |
|---|---|
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Ekki hafið |
| Vesturbyggð | Ekki hafið |

18b. Niðurstöður og verklagsreglur hafa verið kynntar: út á við til samfélagsins.

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Í vinnslu |
| Ísafjarðarbær | Í vinnslu |
| Grunnskólinn á Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka | Í vinnslu |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | Í vinnslu |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Í vinnslu |
| Vesturbyggð | Ekki hafið |
| Kaldrananeshreppur | Ekki hafið |
| Menntaskólinn á Ísafirði | Ekki hafið |

## Viðauki II

Í viðauka II má sjá yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaganna á öllum skrefum handbókar farsældar.

**Tafla 8. Heildrænt yfirlit yfir stöðumat sveitarfélaganna á innleiðingu farsældarlaganna**

| | Lokið | Í vinnslu | Í bið | Ekki hafið | Hætt við | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | 11 | 12 | | 6 | | |
| Ísafjarðarbær | 22 | 6 | | | | 1 |
| Vesturbyggð | 12 | 13 | | 4 | | |
| Kaldrananeshreppur | 3 | 13 | | 13 | | |
| Gr. og lsk. á Hólmavík | 12 | 14 | | | | 3 |
| Fþj. Stranda og Reykhóla | 8 | 21 | | | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 21 | 2 | | 5 | | 1 |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | 8 | 15 | 2 | | | 4 |
| Árneshreppur | | | | | | |
| Reykhólahreppur | | | | | | |
| Súðavíkurhreppur | | | | | | |

Alls spurningar: 29

Í töflu átta má sjá heildarstöðu innleiðingar farsældarlaganna hjá þeim sveitarfélögum og stofnunum sem svöruðu könnuninni. Ísafjarðarbær var lengst kominn í innleiðingunni með 22 atriði metin lokið og sex í vinnslu. Menntaskólinn á Ísafirði var einnig langt kominn með 21 atriði lokið, en fimm voru ekki hafin. Hjá öðrum svarendum var stærri hluti atriða enn í vinnslu. Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla var til dæmis með 21 atriði í vinnslu og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða með 15. Kaldrananeshreppur var skemmst kominn, með þrjú atriði lokið, 13 í vinnslu og 13 ekki hafin. Engin svör bárust frá Árneshreppi, Reykhólahreppi og Súðavíkurhreppi.